# FRÉTTABLAÐIÐ

178. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 30. JÚLÍ 2018




Það var mikil dramatík á Laugardalsvelli í gær þegar Þróttarar úr Reykjavík unnu Brighton frá Englandi í úrslitaleik 3. flokks karla á Rey Cup í vítaspyrnukeppni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

# Vindur úr seglum innlendra hlutabréfa

**Ástæða lækkunar á verði hlutabréfa hérlendis á þessu ári er meðal annars minni umsvif lífeyrissjóða á þeim markaði, kostnaðarhækkanir og kólnun í hagkerfinu.**

**VIÐSKIPTI** Minnkandi umsvif lífeyrissjóða í Kauphöllinni eru á meðal ástæðna að baki verðlækkunum á innlendum hlutabréfum.

Greint var frá því í Fréttablaðinu að hækkun úrvalsvísitölu Kauphallarinnar frá áramótum hafi gengið til baka. Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA, segir þróunina á hlutabréfamarkaðinum athyglisverða.

„Líklegasta skýringin tengist flæði en innlendir fjárfestar hafa dregið umtalsvert úr umsvifum sínum á markaðinum,“ segir Valdimar. „Þá eru áhyggjur af kjarasamningsviðræðum í haust en það getur ekki útskýrt lækkanir á fyrirtækjum sem eru með hlutfallslega lágan launakostnað.“

Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands, skýrir verðþróunina með svipuðum hætti.

„Lífeyrissjóðirnir komu inn með fjármagn á sínum tíma en nú hafa þeir fengið nægju sína. Sem stendur ráðstafa sjóðirnir fjármagni sínu ýmist í lán til fasteignakaupa eða í fjárfestingar erlendis.“

Ný útlán lífeyrissjóða hafa aldrei verið meiri en þau námu ríflega 14,7 milljörðum í maí. Þá jukust erlendar eignir sjóðanna um þriðjung á milli maímánaða 2017 og 2018.

Ásgeir segir að verðlækkanirnar megi einnig rekja til þess að markaðurinn þykist greina teikn á lofti um að hagkerfið sé að hægja á sér. Einnig sjáist af uppgjörum að miklar launahækkanir hafi dregið úr framlegð margra félaga.

„Ég tel að það sé undirtónn í verðþróuninni ásamt háværum kröfum verkalýðsfélaga um áframhaldandi kauphækkanir þegar samningar losna í vetur.“ **– thf**

## Greiða sér 600 milljónir í arð

**VIÐSKIPTI** Bókunarfyrirtækið Guide to Iceland greiðir 600 milljónir króna í arð til hluthafa eftir verulega aukningu tekna og hagnaðar á milli ára. Heildartekjur fyrirtækisins á árinu 2017 námu 4,8 milljörðum króna. Umsvif Guide to Iceland hafa vaxið ört frá stofnun. **– tfh** **/ sjá síðu 4**

## Endalaust á Paul



**TÓNLIST** „Það má segja að þetta sé dýrt áhugamál,“ segir Davíð Steingrímsson, sem stefnir á sína fimmtugustu tónleika með Paul McCartney áður en árið er á enda. **– gar** **/ sjá síðu 2**

## Fréttablaðið í dag




Halldór


**SKOÐUN** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segir skipulagsslys ekki vera slys. 8

**SPORT** Guðrún Brá og Axel urðu Íslandsmeistarar í golfi. 18

**TÍMAMÓT** Varnarmaðurinn Skúli Jón Friðgeirsson er þrítugur. 23

**LÍFIÐ** Daði Freyr lék fyrir hausa í Jarðböðunum við Mývatn. 30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FASTEIGNIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Austlæg átt í dag, víða 5-13 m/s. Rigning allra nyrst, en annars skýjað og sums staðar dálítil væta. Þurrt að kalla fyrir norðan í kvöld. Hiti 9 til 18 stig. SJÁ SÍÐU 16



**Kaldi er í Eyjafirði.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Seldi bjór fyrir 436 milljónir

**IÐNAÐUR** Bruggsmiðjan Kaldi seldi bjór fyrir 436 milljónir króna á síðasta ári, eða fyrir um 100 þúsund krónum minna en á árinu á undan. Félagið rekur bruggverksmiðju á Árskógssandi þar sem bjórinn Kaldi er framleiddur.

Kaldi hagnaðist um tæplega 40 milljónir á árinu 2017 samanborið við 45 milljónir árið 2016. Rekstrargjöld námu 376 milljónum á árinu 2017 og hækkuðu aðeins um 0,8 prósent á milli ára þrátt fyrir að launakostnaður ykist um rúm 11 prósent. Kostnaðarverð seldra vara lækkaði hins vegar um tæp níu prósent. Heildareignir námu í árslok 420 milljónum króna og eigið fé var 124 milljónir.

Stærstu hluthafar Kalda eru Birgir Ingi Guðmundsson með 28,5 prósenta hlut, og Agnes Anna Sigurðardóttir og Ólafur Þröstur Ólafsson sem eiga hvort 26,1 prósent. Aðrir hluthafar eiga minna en tíund.

**56**

**milljónir króna voru tekjur af Bjórböðunum í fyrra.**

Bruggsmiðjan á 20 prósenta hlut í Bjórböðunum sem voru opnuð fyrir gestum á miðju síðasta ári og er hluturinn bókfærður á tæpar 14 milljónir króna. Tekjur Bjórbaðanna námu 56 milljónum króna á síðasta ári og tapaði félagið tæpum fjórum milljónum. **– tfh**

## Vegir guðs



**Sökum veðurs þurfti að hætta við ferð Húna II frá Grenivík í Þorgeirsfjörð þar sem átti að messa á Þönglabakka. Séra Bolli Bollason og Kristján Valur Ingólfsson, fyrrverandi vígslubiskup, breyttu bátsborði í altari og messuðu fyrir áhöfn og gesti í sólinni á þilfarinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/BENEDIKT BÓAS

# Báru kennsl á týndan skíðamann

**FRAKKLAND** Kennsl hafa verið borin á lík skíðamanns sem fannst í ítölsku Ölpunum 2005. Í ljós kom að um var að ræða Frakkann Henri Le Masne sem týndist í skíðaferð 1954.

Líkamsleifar, skíðabúnaður og gleraugu fundust í um þrjú þúsund metra hæð í Aosta-héraði sem er nálægt svissnesku landamærunum. Ítalska lögreglan hafði ekki getað borið kennsl á líkið en í síðasta mánuði voru settar myndir af búnaðinum og gleraugunum á Facebook.

Eftir að franskir fjölmiðlar fjölluðu um málið fór Emma Nassem að hugsa hvort um frænda sinn gæti verið að ræða. DNA-próf hafa staðfest að um frænda hennar var að ræða.

Yngri bróðir skíðamannsins, hinn 94 ára gamli Roger, sagði bróður sinn hafa verið piparsvein og mjög sjálfstæðan mann. Hann hafi starfað í fjármálaráðuneytinu í París. **– sar**

# Á leið á fimmtugustu tónleika sína með Paul

**Davíð Steingrímsson er enginn venjulegur aðdáandi Pauls McCartney. Hann hefur þegar sótt 43 tónleika með McCartney og er búinn að tryggja sér miða á alla þá tónleika sem eru fram undan. Davíð fékk að knúsa Paul á götu í London.**

**TÓNLIST** „Það verður ekkert aftur snúið nema hann aflýsi einhverju,“ segir Davíð Steingrímsson, sem keypt hefur miða á sjö tónleika með Paul McCartney á þessu ári og mun því ná að fara á sína fimmtugustu tónleika með bítlinum áður en 2018 er á enda.

Óhætt er að segja að Davíð Steingrímsson sé gríðarlegur bítlaaðdáandi, og þá sérstaklega aðdáandi Pauls McCartney. Hann rak um árabil tónlistarbarinn Obladi Oblada í miðbæ Reykjavíkur. Barinn var að vitanlega nefndur eftir bítlalagi. Árið 2002 fór Davíð á sína fyrstu tónleika með McCartney í Staples Center í Los Angeles. Nú eru tónleikarnir orðnir 43 talsins og þeir hafa borið hann til fjórtán landa.

„Það var ólýsanlegt,“ segir Davíð um fyrstu McCartney-tónleikana. „Ég hef verið aðdáandi frá því ég var smápolli 1975.“ Davíð segir að þótt hann hafi verið búinn að heyra Bítlana oft áður þá hafi platan Venus and Mars, sem McCartney gerði með hljómsveit sinni Wings á þessum tíma, gripið hann algjörlega.

Davíð segir fjölda gæðalaga frá McCartney öldungis ótrúlegan og að hann sé enn að og von á nýrri plötu í september. „Margir halda að hann hafi ekki verið að gera góða hluti síðustu ár af því að hann fær ekki sömu spilun og áður en ég er mjög ánægður með allt sem hann hefur gert.“

Þótt hann sé að spila mikið til sömu lögin er þetta aldrei sama upplifunin hverju sinni. Oft er fólk að mæta sem hefur dreymt um það alla ævi að sjá hann og er að sjá



**Paul McCartney er nú 76 ára og er með plötu á leiðinni.** NORDICPHOTOS/GETTY

> **For you I'll do it, svaraði hann þá. Þetta var svakalegt.**
>
> Davíð Steingrímsson



hann í fyrsta sinn – það eru miklar tilfinningar.

Paul er farinn að kannast við Davíð sem yfirleitt reynir að vera fremst við sviðið á tónleikum. Aðspurður um uppáhaldstónleikana nefnir Davíð skiptið sem Paul spilaði fyrir hann óskalag. McCartney hafði þá spilað lagið Ram On að áeggjan bassaleikarans heimsfræga Klaus Voorman á tónleikum tveimur dögum fyrir tónleika í Antwerpen. Við lagið er leikið undir á ukulele og þegar McCartney tók sér það hljóðfæri í hönd til að flytja bítlalagið Something að venju lét Davíð til skarar skríða.

„Ég kallaði Paul! Ram on!“ lýsir Davíð. „For you I'll do it, svaraði hann þá. Þetta var svakalegt.“

Davíð hefur hitt McCartney. Eitt skiptið var nærri heimili bítilsins sem býr ekki fjarri hinu rómaða hljóðveri Abbey Road. „Hann er þá að labba og ég fæ að taka í spaðann á honum og knúsa hann. Ég sagði honum að ég ætti bar sem héti Obladi Oblada og hann sagði bara, I love it. I love it man.“

**gar@frettabladid.is**


Nýjar vörur frá geoSilica

Kísill Íslenskt kísilsteinefni
Renew Fyrir húð, hár og neglur
Recover Fyrir vöðva og taugar
Repair Fyrir bein og liði



Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.

geoSilica ICELAND

Nánari upplýsingar má finna á www.geosilica.is




HYBRID

**Suzuki Baleno hefur mesta innra- og farangursrými í sínum flokki.**

Suzuki Baleno er sérlega vel hannaður og glæsilegur bíll, jafnt utan sem innan.
Komdu í heimsókn og kynntu þér Suzuki Baleno.
- láttu fara vel um þig.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki Baleno er fáanlegur með Hybrid-búnaði sem gerir 1.2l Dualjet mótorinn enn kraftmeiri og neyslugrennri.

*Það er alltaf Suzuki veður!*

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Leiðsögumaður býður sig fram til formanns Neytendasamtakanna

**NEYTENDUR** „Neytendasamtökin þurfa að vera afl í samfélaginu sem tekið er eftir og hlustað er á þannig að farið sé eftir hugmyndum þeirra,“ segir Jakob S. Jónsson, leiðsögumaður og leikstjóri, en hann hefur ákveðið að bjóða sig fram til formennsku í samtökunum.

Þing samtakanna verður haldið í lok október næstkomandi en þar á að kjósa bæði formann og í stjórn. Enginn formaður hefur verið starfandi frá því að Ólafur Arnarson sagði af sér embætti í júlí á síðasta ári eftir miklar deilur við stjórnina. Honum hafði áður verið sagt upp sem framkvæmdastjóra samtakanna eftir að stjórnin lýsti yfir vantrausti á hann.

Stefán Hrafn Jónsson, varaformaður Neytendasamtakanna, hefur því í raun verið starfandi formaður síðastliðið ár. Hann segist ekki munu bjóða sig fram til áframhaldandi stjórnarstarfa.

Jakob segist hafa hugsað málið í allnokkurn tíma og ákveðið að taka áskorun um að bjóða sig fram. „Það er hægt að gera ákaflega margt til að efla samtökin og mér finnst það spennandi viðfangsefni. Ég er að bjóða mig fram sem talsmann ákveðinna hugmynda og til eflingar stöðu neytenda alls staðar í íslensku þjóðlífi.“



**Ég er að bjóða mig fram sem talsmann ákveðinna hugmynda og til eflingar stöðu neytenda alls staðar í íslensku þjóðlífi.**

Jakob S. Jónsson, leiðsögumaður og leikstjóri

Að sögn Jakobs er nauðsynlegt að efna til samvinnu við alla mögulega aðila sem koma að neytendamálum. Í því sambandi nefnir hann þing, sveitarfélög, samtök launþega og samtök atvinnurekenda.

Ólafur Arnarson segir nauðsynlegt að samtökin fái öflugan formann. Hann segist ekki ætla að bjóða sig fram til formennsku sjálfur en útilokar ekki framboð til stjórnar.

„Ég átta mig ekki alveg á því hvert markmiðið var með þessu upphlaupi og aðför gegn mér. Það var allavega ekki gert til að efla samtökin, því ég hef ekkert heyrt eða séð frá þeim á þessu ári sem er liðið.“ **– sar**



**Á Klambratúni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORSTEINN

## Hitinn hæstur á Patreksfirði

**VEÐUR** Óvenjuhlýtt loft fór yfir landið í gær og mældist hitinn víða yfir 20 gráðum. Hæst fór hitinn í 24,7 gráður á Patreksfirði. Á höfuðborgarsvæðinu varð hann mestur 23,1 gráða.

Þrumuveður var á Suðvesturlandi fyrri partinn og einnig fyrir norðan síðdegis. Þar laust eldingum niður.

„Það verður áfram milt loft og austlægar átti næstu daga,“ segir Hrafn Guðmundsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. „Lægðir koma yfir landið þannig að það mun rigna eitthvað. Það verður meira og minna skýjað á landinu öllu á morgun og hitinn verður mestur vestan til, eitthvað í kringum 18 gráður.“

Á miðvikudag segir Hrafn aðra lægð koma með úrkomu austan til á landinu. Besta veðrið verður þá suðvestanlands, segir hann. **– tfh**

## Ungir stefna til Þorlákshafnar

**ÆSKULÝÐSSTARF** Búast má við að fimm til tíu þúsund manns heimsæki Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina þegar Unglingalandsmót UMFÍ fer þar fram. Þar af verða þátttakendur í annað þúsund.

Auk hefðbundinna greina má geta þess að keppt verður í fyrsta skipti í dorgveiði og sandkastalagerð að því er fram kemur í tilkynningu um mótið. **– gar**

# Fyrirtækið Guide to Iceland greiðir 600 milljóna króna arð

**Guide to Iceland sem rekur markaðstorg fyrir íslensk ferðaþjónustufyrirtæki hagnaðist um 676 milljónir króna á síðasta ári. Tekjuvöxtur fyrirtækisins nam 70 prósentum á milli ára. Vinna að því að fara í útrás með hugbúnaðinn.**



**Bókunarfyrirtækið Guide to Iceland hefur notið góðs af stríðum straumi ferðamanna til Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**VIÐSKIPTI** Bókunarfyrirtækið Guide to Iceland hagnaðist um 676 milljónir króna á síðasta ári og hefur stjórn félagsins samþykkt að greiða 600 milljóna króna arð til hluthafa.

Hagnaður Guide to Iceland jókst töluvert á milli ára en hann var 178 milljónir árið 2016. Það skýrist meðal annars af kröftugum tekjuvexti sem nam hátt í 70 prósent en heildartekjur Guide to Iceland af bókunum námu 4,8 milljörðum króna á árinu 2017.

Aukin umsvif bókunarfyrirtækisins komu fram í launakostnaðinum sem jókst úr 248 milljónum í 410 milljónir á sama tíma og starfsmönnum fjölgaði úr 28 í 49. Eignir námu 2,2 milljörðum króna, eigið fé 719 milljónum og eiginfjárhlutfallið var 32,7 prósent.

Guide to Iceland var stofnað 2012 og rekur vefsíðuna guidetoiceland.is sem er eins konar markaðstorg fyrir íslenska ferðaþjónustu. Þar koma ferðaþjónustufyrirtæki vörum sínum á framfæri gegn þóknun.

### Sækja inn á erlenda markaði

Davíð Ólafur Ingimarsson, fjármálastjóri og aðstoðarforstjóri Guide to Iceland, segir í samtali við Fréttablaðið að vöxtur síðustu ára sé einsdæmi. „Vöxturinn hefur verið gríðarlegur. Á árunum 2013 til 2016 var tekjuvöxturinn yfir 30 þúsund prósent sem er í raun fordæmalaust hér á Íslandi,“ segir Davíð.

**Höfum við notað sterka stöðu markaðstorgsins til að koma í veg fyrir of mikla samþjöppun og einokun á markaðinum.**

Davíð Ólafur Ingimarsson, fjármálastjóri og aðstoðarforstjóri

Að sögn Davíðs er Guide to Iceland orðið langstærsta markaðstorgið fyrir ferðþjónustu á Íslandi og rekur ástæðurnar.

„Við höfum lagt áherslu á þróun hugbúnaðarins og að auka sjálfvirkni þannig að ferðaþjónustufyrirtæki geti stundað viðskipti við okkur umsvifalaust,“ segir Davíð. „Auk þess höfum við notað sterka stöðu markaðstorgsins til að koma í veg fyrir of mikla samþjöppun og einokun á markaðinum með því að koma smærri og meðalstórum fyrirtækjum á framfæri.“

Þá segir Davíð fyrirtækið stefna að því að sækja inn á erlenda markaði.

„Við vinnum nú að því að taka saman gögn til að ákveða hvar það verður. Hugbúnaðurinn og viðskiptahugmyndin voru sannreynd á Íslandi og við höfum mikla trú á því að þetta muni gefa góða raun annars staðar í heiminum,“ segir Davíð.

Stærstu hluthafar í Guide to Iceland eru Ingólfur Abraham Shahin með 55,3 prósenta hlut í gegnum félagið Djengis, Iurie Belegurschi með 18,5 prósent í gegnum Aurora Capital og Xiaochen Tian með 9,2 prósent í gegnum Chenchen.

**thorsteinn@frettabladid.is**




# SLÖKKTU Á EYÐSLUNNI OG KVEIKTU Á SPARNAÐINUM




## Mitsubishi PHEV kemur þér inn í framtíðina

Mitsubishi Outlander PHEV er glæsilega hannaður, rúmgóður og háþróað fjórhjóladrifið kemur þér lengra allt árið. Þú getur ekið á hreinni íslenskri orku svo að bíllinn verður sparneytnari og umhverfisvænni. Outlander PHEV var vinsælastur í flokki jeppa og jepplinga árið 2017. **Nú fylgir 350.000 kr. sumarauki ásamt hleðslustöð að verðmæti 150.000 með öllum nýjum Mitsubishi Outlander PHEV bílum keyptum hjá HEKLU.** Slökktu á eyðslunni og kveiktu á sparnaðinum í nýjum Outlander PHEV. Hlökkum til að sjá þig!

**Outlander Instyle PHEV**
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:
**5.490.000 kr.**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**Sumarauki og hleðslustöð að verðmæti 500.000 kr. fylgir!**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



**Donald Trump.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Hótar lokun alríkisins vegna innflytjenda

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti hótar því að leyfa alríkinu að loka styðji demókratar á þinginu ekki tillögur hans í innflytjendamálum. Þar á meðal er fjármögnun hins umdeilda veggjar milli landamæra Bandaríkjanna og Mexíkó sem Trump hafði lofað að Mexíkóar myndu borga fyrir.

Þetta yrði í þriðja sinn á árinu sem alríkinu yrði lokað. Eftir deilur Trumps við demókrata í janúar síðastliðnum, sem snerust aðallega um réttindi ólöglegra innflytjenda, náðist ekki samkomulag um framlengingu á fjárlögum til að tryggja rekstur ýmissa ríkisstofnana.

Þá varð tímabundin lokun á fjárframlögum til alríkisstofnana í febrúar sem öldungadeildarþingmaðurinn Rand Paul knúði fram til að mótmæla vaxandi skuldasöfnun alríkisins.

Bandaríska fulltrúadeildin samþykkti í mars frumvarp sem tryggir fjármögnun alríkisins út september. **– sar**

## Spjöld sögunnar




**Skilaboðin voru margvísleg er fjölmenni gekk í áttundu Druslugöngunni í Reykjavík á laugardag. Tilgangurinn er að valdefla þolendur kynferðisofbeldis, og að „skila skömminni“ til geranda. „Eftir #MeToo höfum við séð hvað kynbundið og kynferðislegt ofbeldi er rótgróið í samfélaginu,“ sagði Kolbrún Birna Hallgrímsdóttir Bachmann, ein skipuleggjenda göngunnar, við Fréttablaðið. Druslur gengu einnig á Akureyri.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖRSTEINN

# Mugabe snýr baki við gömlum félögum

Forseta- og þingkosningar fara fram í Simbabve í dag. Þetta eru fyrstu kosningarnar sem haldnar eru eftir að Robert Mugabe var steypt af stóli í nóvember á síðasta ári eftir 37 ára valdatíð. Mugabe, sem er 94 ára, styður ekki fyrrverandi samflokksmenn sína í kosningunum.

**SIMBABVE** Robert Mugabe, fyrrverandi forseti Simbabve, lýsti því yfir í gær að hann myndi ekki styðja fyrrverandi samflokksmenn sína í Zanu-FP flokknum í kosningunum sem fram fara í landinu í dag. Þá verður kosinn nýr forseti auk þess sem kosið verður til beggja deilda þingsins.

Mugabe hefur ekkert komið fram opinberlega síðan herinn steypti honum af stóli í nóvember síðastliðnum. Hinn 94 ára gamli Mugabe styður MDC, sem er stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn. Forsetaframbjóðandi MDC er hinn fertugi Nelson Chamisa.

Á óvæntum fundi með blaðamönnum sagðist Mugabe ekki geta kosið sinn gamla flokk né þá sem væru við völd þar sem þeir hafi valdið sér miklum kvölum. Fréttaskýrendur telja óljóst hvaða áhrif þetta óvænta útspil Mugabe hafi á niðurstöður kosninganna.

Meðal þess sem kom fram hjá Mugabe var að hann telur að herinn hafi framið valdarán í nóvember. Þá sakar hann herinn um að brjóta niður lýðræðið. Hann sagði einnig að ekkert væri hæft í þeim ásökunum að hann hefði ætlað að láta eiginkonu sína, Grace Mugabe, taka við forsetaembættinu.

**» Fréttaskýrendur telja óljóst hvaða áhrif þetta óvænta útspil Mugabe hafi á niðurstöður kosninganna.**

Emmerson Mnangagwa, sem kemur úr Zanu-FP flokknum, hefur setið sem forseti frá því að Mugabe lét af völdum. Búist er við að baráttan muni standa milli hins 75 ára gamla starfandi forseta og Chamisa.

Kannanir þykja óáreiðanlegar en samkvæmt þeim hefur sitjandi forseti örlítið forskot á Chamisa. Alls eru tuttugu og þrír frambjóðendur í framboði í forsetakosningunum.

Mnangagwa var áður einn nánasti samstarfsmaður Mugabe. Hann sakar Chamisa um að hafa gert samkomulag við Mugabe. Hann segir að þeir sem kjósi Chamisa séu í raun að kjósa Mugabe. Valkosturinn sé nýtt Simbabve undir forystu sinni og ZANU-PF flokksins.

Rúmlega 5,6 milljónir Simbabvebúa hafa skráð sig á kjörskrá og er tæpur helmingur þeirra 35 ára eða yngri. Ljóst er að næsta forseta landsins bíða ærin verkefni en landið glímir við ýmis alvarleg vandamál í kjölfar 37 ára valdatíðar Mugabe.

Skortur er á fjárfestingum, mennta- og heilbrigðiskerfið er sagt í molum auk þess sem atvinnuleysi er gríðarlegt. Þannig er því jafnvel haldið fram að um 90 prósent séu án vinnu sem leitt hefur til þess að margir hafa yfirgefið landið og leitað vinnu í Suður-Afríku.

sighvatur@frettabladid.is



**Robert Mugabe, sem var forseti Simbabve í 37 ár, styður ekki fyrrum samherja sína í kosningunum sem fram fara í dag.**

# Byggingarleyfi á Dunhaga fellt úr gildi vegna stórtækra breytinga

**STJÓRNSÝSLA** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) hefur fellt úr gildi byggingarleyfi sem byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar veitti eigendum lóðanna Dunhaga 18-20.

Á fundi í upphafi árs samþykkti byggingarfulltrúinn leyfi til að byggja inndregna hæð ofan á núverandi hús á Dunhaga 18-20 og viðbyggingu við fyrstu hæð hússins og kjallara. Þá var veitt leyfi til að koma lyftu fyrir utan á húsinu. Íbúðir í húsinu hefðu verið gerðar smærri en þeim hefði fjölgað úr átta í tuttugu við breytinguna. Mistök urðu við afgreiðsluna og var erindið afgreitt að nýju óbreytt í mars.

**» Leyfi hafði verið gefið fyrir að fjölga íbúðum á Dunhaga 18-20 úr átta í tuttugu. Nágrannar sættu sig ekki við það og kærðu veitingu leyfisins.**

Fyrirhuguð breyting var kynnt eigendum í nágrenninu með grenndarkynningu. Eigendur Tómasarhaga 32 og Hjarðarhaga 27 og 44 sættu sig ekki við þetta og kærðu málið til ÚUA.

Í niðurstöðu ÚUA segir að fyrirhuguð breyting feli í sér 77 prósent aukningu á nýtingarhlutfalli lóðarinnar að Dunhaga. Slíkt teljist umtalsverð frávik frá byggðarmynstri svæðisins. Því væri ekki nægilegt að kynna málið með grenndarkynningu heldur þyrfti að breyta aðalskipulagi. Leyfið var því fellt úr gildi. **– jóe**

**77%**

**prósenta aukning varð á nýtingarhlutfalli á Dunhaga.**



**Íbúðum í húsinu hefði fjölgað úr átta í tuttugu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖRSTEINN

# ÚTSALA

Allt að **70%** afsláttur

Fatnaður **20 til 70%** afsl.

Svefnpokar **20 %** afsl.

Göngu-og götuskór **20 til 60%** afsl.

Bakpokar **20 til 50%** afsl.

Tjöld **20 til 50%** afsl.

Bergans merino ull **50%** afsl.

Pottasett og eldunar búnaður **20 til 65%**

og margt fleira...

Íslensku ALPARNIR

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafeni 12 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

# Vonda fólkið



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Fyrr í þessum mánuði birtist ljósmynd sem fór víða af forsætisráðherra Íslands, Katrínu Jakobsdóttur, á leiðtogafundi NATÓ. Hún stóð ekki langt frá Donald Trump Bandaríkjaforseta og Recep Erdogan, forseta Tyrklands, en hvorugur þeirra hefur áunnið sér traust umheimsins fyrir mildi, mannúð og víðsýni. Á myndinni stóð Katrín með hendur fyrir aftan bak og augun voru lukt, það var líkt og hún beindi þeim í uppgjöf til himna og væri að biðja æðri máttarvöld að losa sig sem fyrst undan þeim félagsskap sem hún var komin í.

Myndin endurspeglar ágætlega að í pólitík þarf oft að gera fleira en gott þykir. Forystumaður í stjórnmálum þarf að eiga fjölmarga fundi, þar á meðal með fólki sem hefur ekki sérlega geðslegar skoðanir. Sjálf gerir Katrín sér býsna góða grein fyrir þessu, og nýlega hafði hún orð á því að nýtt pólitískt landslag blasi við hjá ýmsum nágrannaþjóðum okkar, en þar eiga góðu gengi að fagna flokkar sem gera út á andúð í garð innflytjenda og flóttamanna. Forsætisráðherra nefndi nokkrar þjóðir: Danmörku, Svíþjóð, Noreg, Ungverjaland og Pólland og hefði auðveldlega getað nefnt fleiri. Mjög færist í vöxt víða um heim að kjósendur leiði til áhrifa flokka með vafasöm stefnumál. Jafn hryggilegt og það nú er þá verða Íslendingar og íslenskir ráðamenn að eiga samskipti og samstarf við þessar þjóðir. Það er varla í boði fyrir Íslendinga að afþakka alþjóðlegt samstarf og skrópa á stórfundi vegna þess að þar sé að finna of marga fulltrúa sem hafa óboðleg viðhorf í ýmsum málum. Það býður einungis upp á einangrun. Þetta þýðir samt ekki að kinka eigi kolli við illum gjörðum. Skilaboðum er hægt að koma á framfæri í ræðu, riti og einkasamtölum. Svo er annað mál hvort mark er tekið á þeim.

Það þarf þó að gæta sín á því hvernig hlutir eru sagðir og gífuryrði missa auðveldlega marks. Það var til dæmis ekki ástæða til að ræða um Piu Kjærsgaard og Adolf Hitler nánast í sömu setningu eins og Pírati einn gerði í sjónvarpsfréttum á dögunum. Kjærsgaard hefur vissulega sagt ýmislegt forkastanlegt um múslima. Hún hefur hins vegar ekki boðað útrýmingu þeirra og ekki beitt sér fyrir byggingu þrælkunarbúða. Pia Kjærsgaard er ekki fulltrúi góðra viðhorfa en hún er samt ekki í liði með Adolf Hitler.

Útlendingaandúð grasserar víða um heim og það á að berjast gegn henni. Það gagnast hins vegar ekki umræðunni þegar orðinu „útlendingaandúð“ er klínt á fólk sem er engan veginn þannig innstillt. Það er til dæmis fjarska undarlegt þegar það er gefið í skyn eða sagt berum orðum að þeir Íslendingar sem vilja sporna við því að erlendir auðmenn kaupi hér upp heilu landssvæðin séu haldnir útlendingaandúð. Þetta sama fólk vill heldur ekki að íslenskir auðmenn komist upp með að eigna sér heilu svæðin hér á landi, en jafngildir ekki því að það hatist við auðmenn. Þetta ætti hver maður að skilja – og hana nú!

**Það þarf þó að gæta sín á því hvernig hlutir eru sagðir og gífuryrði missa auðveldlega marks.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Einstök frysting**

**Hart var tekist á um launaþróun í landinu í gærkvöld á Facebook-þræði á vegg blaðamannsins Jakobs Bjarnars Grétarssonar á Vísi. Jakob lagði út með því að segja ábyrgð stjórnmálamanna mikla ef allt „færi í klessu“ við næstu kjarasamninga. Vísaði hann til hækkana kjararáðs á launum þingmanna. Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, svaraði því til að þingmenn hefðu verið lækkaðir í launum 2009 og laun þeirra fryst í nokkur ár. „Sama gilti ekki um aðra,“ skrifaði Brynjar við dræmar undirtektir þeirra sem tóku þátt í umræðunni. „Haugur af stéttum sem tók á sig launalækkanir eftir hrunið til að lágmarka uppsagnir og aðlaga sig að breyttum veruleika,“ sagði til dæmis Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans.**

**Auglýsingatrix**

**Reykvíkingar fengu í gær smjörþefinn af veðrinu alls staðar annars staðar í heiminum en hér. Í nokkrar klukkustundir fór hitinn upp fyrir tuttugu gráður og sólin skein í þrjú korter eða svo. Helst minnti þessi viðburður á það sem kallað er „trailer“ úr bíómynd, örstutt sýnishorn. Ef menn vissu ekki betur gætu þeir haldið að uppákoman hafi verið auglýsingatrix ferðaskrifstofa sem selja flug til landa þar sem er almennilegt veður.**

**gar@frettabladid.is**

# Hið stjórnlausa kerfi



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
formaður Miðflokksins

Skipulagsslys“ er orð sem iðulega er notað til að lýsa því þegar ráðist hefur verið í framkvæmdir sem reynast það gallaðar að augljóslega hefði mátt gera betur og forðast tjónið sem af hlaust. Sjaldnast er orðið þó réttnefni því slys eru ekki skipulögð, þau gerast óvart. Skipulagsslysin eru hins vegar áformuð, undirbúin og jafnvel þvinguð í gegn þrátt fyrir andstöðu og ótal varnaðarorð. Ef skynsemi réði för gæti svo ótal margt verið betra í samfélaginu, hlutir sem hafa veruleg áhrif á umhverfi og lífsgæði landsmanna.

Hvernig stendur á því að aftur og aftur virðist engu máli skipta hversu augljósir gallarnir eru, áfram er unnið að skipulagsmistökum eða því að viðhalda meingölluðu fyrirkomulagi? Ekki bara í hinum eiginlegu skipulagsmálum heldur á ótal sviðum stjórnmálanna.

Hvernig stendur á því að áfram er unnið að byggingu nýs Landspítala við Hringbraut þrátt fyrir að engin af forsendum ákvörðunarinnar eigi lengur við og bent hafi verið á ótal kosti þess að byggja á nýjum stað?

Hvernig stendur á því að áfram er unnið að því að rústa því litla svæði sem talist gat „gamli bærinn“ í höfuðborg Íslands og byggja þar risavaxna kassa sem ættu betur heima alls staðar annars staðar?

Hvernig stendur á því að stjórnvöld nýta ekki einstakt tækifæri til að endurskipuleggja fjármálakerfi landsins svo það geti virkað í þágu almennings og fyrirtækja á Íslandi?

Meginþorri almennings gerir sér grein fyrir að það væri hægt að gera miklu betur á öllum þessum sviðum og ótalmörgum öðrum. Hvers vegna ræður ekki vilji almennings? Hvers vegna virkar lýðræðið ekki? Ástæðan er sú að það skortir pólitíska forystu. Of margir stjórnmálamenn veigra sér við að stjórna. Í stað þess að framkvæma lausnir í samræmi við vilja kjósenda er „kerfinu“ eftirlátið að stjórna sér sjálft og gera hlutina áfram eins. Kerfið er sjaldnast hrifið af breytingum. Það er í eðli þess að halda áfram á sömu braut.

Það væri hægt að breyta ótrúlega mörgum hlutum til hins betra ef hinn skynsami meirihluti fengi að ráða (þ.e. lýðræðið). Til þess þurfa stjórnmálamenn bara að þora að taka ákvarðanir og stjórna.

**Slys eru ekki skipulögð, þau gerast óvart. Skipulagsslysin eru hins vegar áformuð, undirbúin og jafnvel þvinguð í gegn.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Jörðin, við og veðrið

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Á fimmtudaginn var ég staddur í London með konu minni og börnum. Það var heitasti dagur ársins. Hitinn fór upp í 36 gráður. Í slíkum hita inni í miðri stórborg er ekki beinlínis hægt að segja að maður njóti sólarinnar. Maður reynir frekar að forðast hana. Maður sækir í loftræstingu verslananna. Í neðanjarðarlestinni hefði maður allt eins getað reynt að snúa ferðinni upp í sauna. Setið með handklæði utan um sig miðjan, svitnað og spjallað við fólkið.

En ég las frekar The Guardian á milli þess sem ég notaði The Guardian sem blævæng. Í blaðinu var greinaflokkur um einmitt þetta: Þennan óskaplega hita. Veðrið. Því var haldið fram með rökum, og vitnað í vísindasamfélagið, að við séum nú – jarðarbúar – að upplifa nákvæmlega það sem spáð hefur verið að myndi gerast. Gróðurhúsaáhrifin eru skollin á af fullum krafti.



MYND/HEIÐA HALLDÓRSDÓTTIR

**Hiti og dauðsföll**

Áhrifin eru að birtast okkur sem meiri öfgar í veðurfari. Við lesum fréttir af óskaplegum hita á Norðurlöndum. Skógar brenna í Svíþjóð, jafnvel norðan við heimsskautsbaug sem er fáheyrt. Skraufþurr gróður í Grikklandi logar líka og afleiðingarnar eru skelfilegar. Fólk deyr. Í Kaliforníu loga líka eldar. Í Japan hafa um 23 þúsund manns þurft að leggjast inn á spítala vegna hitans. Um 90 manns hafa látið lífið út af hitanum í Japan síðan í maí. Við Tókýo mældist hitinn um 42 gráður einn daginn. Í Alsír hefur verið sett nýtt afrískt hitamet þegar hitinn fór í 52,3 gráður. Í Kanada deyr fólk út af hita. Í Reykjavík rignir bara og rignir. Reyndar var hitabylgja í nokkrar klukkustundir í gær, þegar hitinn fór yfir 20 gráður. En svo átti að bresta á með þrumuveðri jafnvel seinnipartinn, þegar þetta er skrifað.

Öfgar í veðri sem sagt. Oft með tilheyrandi stórskaða og dauðsföllum. Þetta er það sem er að gerast. Spurningin sem blasir við er sú hvort fólk telji almennt að það sé ástæða til að hafa áhyggjur af þessu, eða er þetta bara allt í sóma? Er veðrið ekki alltaf einhvern veginn hvort sem er? Getum við ekki aðlagast þessu eins og öðru?

> Er veðrið ekki alltaf einhvern veginn hvort sem er? Getum við ekki aðlagast þessu eins og öðru?

**Tvenn viðbrögð**

Kannanir hafa sýnt, til dæmis í Bretlandi, að mikill meirihluti fólks – um tveir þriðju úrtaks – trúir því að gróðurhúsaáhrifin og hlýnun jarðar sé raunverulega að gerast. Hins vegar sýna sömu kannanir að einungis um 25% aðspurðra hafa af því miklar áhyggjur. Þetta er auðvitað svolítið merkilegt, en líka skiljanlegt. Oft hafa gárungar grínast með það á Íslandi, að hér mætti alveg hlýna pínulítið og því fínt að fá þessi gróðurhúsaáhrif. Það yrði bara huggulegt. Sama umræða hefur átt sér stað í Bretlandi. Þar hefur fólk aldeilis mátt búa við ömurleg, köld rignarsumur í gegnum tíðina. Mörgum finnst hitinn undanfarið miklu skemmtilegri og góður fyrir ferðaþjónustuna.

Niðurstaðan í Guardian er athyglisverð. Í rauninni þurfa viðbrögð jarðarbúa við þessari þróun að vera af tvennum toga. Annars vegar þarf fólk að aðlagast breyttum veruleika. Öfgakenndar hitasveiflur verða tíðari. Það þarf augljóslega til dæmis í London að gera eitthvað í loftræstingunni í neðanjarðarlestunum. Það þarf að endurskoða hvernig frárennslismálum í byggingum er háttað og hvernig hús eru einangruð. Og hitt er svo alveg rétt að sums staðar er hægt að njóta lífsins í meiri hita og sleikja sólina í auknum mæli. En þó svo aðlögunin verði að eiga sér stað, þá má alls ekki missa sjónar á hinu: Þetta er vegur til helvítis. Ef gróðurhúsaáhrifin fengju að halda áfram óáreitt eins og til dæmis forseti Bandaríkjanna vill, yrðu áhrifin hrikaleg.

> Það er ótvírætt orsakasamhengi milli öfgakenndra veðurtilbrigða – eins og banvæns hita, fellibylja, brjálaðra storma og hrikalegra rigninga – og gróðurhúsalofttegunda.

**Reykingar og jarðsprengjur**

Í úttekt Guardian er þetta útskýrt ágætlega. Gróðurhúsaáhrifin virka í raun og veru eins og reykingar virka á lungun, sagði einn vísindamaður þar. Reykingar geta valdið banvænu lungnakrabbameini, en fólk getur líka fengið krabbamein af öðrum völdum. Orsakasamhengi milli reykinga og krabbameins er hins vegar ótvírætt. Gróðurhúsaáhrifin virka svipað. Það er ótvírætt orsakasamhengi milli öfgakenndra veðurtilbrigða – eins og banvæns hita, fellibylja, brjálaðra storma og hrikalegra rigninga – og gróðurhúsalofttegunda. Ef við viljum reyna að afstýra því að veður verði svo válynd að við ráðum varla við búsetu á jörðinni lengur, þá verðum við semsagt að hætta að reykja. Og það verður að gerast hratt.

Annar lýsti ástandinu með annarri líkingu. Hann sagði það ekki beinlínis rétt að jarðarbúar væru að stefna fram af hengiflugi, heldur væri önnur líking betri: Við erum komin inn á jarðsprengjusvæði. Og jarðsprengjunum fjölgar eftir því sem við göngum lengra inn á svæðið. Í þannig stöðu er skynsamlegt að gera tvennt: Panikera ekki. En afdráttarlaust líka: Snúa við. Og það strax.




GERÐU GÓ
Glæsilegir bílar á einstaklega góðum kj
NISSAN QASHQAI
Acenta, dísil, fjórhjóladr., beinsk.
Sérkjör: 4.190.000 kr.
Listaverð: 4.690.000 kr.
ÞÚ SPARAR 500.000 kr.
RENAULT GRAND SCENIC
BOSE, 7 sæta, dísil, sjálfskiptur.
Sérkjör: 4.690.000 kr.
Listaverð: 5.290.000 kr.
ÞÚ SPARAR 600.000 kr.
SUBARU FORESTER
Premium, bensín, sjálfskiptur, fjórhjóladrif.
Sérkjör: 4.490.000 kr.
Listaverð: 4.990.000 kr.
ÞÚ SPARAR 500.000 kr.
RENAULT MEGANE SP. TOURER
Zen, dísil, beinskiptur.
Sérkjör: 2.990.000 kr.
Listaverð: 3.250.000 kr.
ÞÚ SPARAR 260.000 kr.
HYUNDAI i30
Style, bensín, sjálfskiptur.
Sérkjör: 3.880.000 kr.
Listaverð: 4.240.000 kr.
ÞÚ SPARAR 360.000 kr.
Kynntu þér allt um Kjarabíla á www.bl.is
ENNEMM / SÍA / NM89159 I


Ð KAUP
örum á www.bl.is í sumar
KJARABÍLAR
ENGINN BIÐTÍMI!
TIL AFHENDINGAR
STRAX!
HYUNDAI TUCSON
Premium, fjórhjóladrifinn, dísil, beinsk.
Sérkjör: 5.290.000 kr.
Listaverð:6.290.000 kr.
ÞÚ SPARAR
1.000.000 kr.
Athugið að kjörin gilda eingöngu fyrir bíla sem til eru á lager og eru auglýstir á síðunni og í sumum tilfellum er einungis um að ræða einn bíl.
BMW X1
Fjórhjóladrifinn, dísil, sjálfskiptur, reynsluakstursbíll.
Sérkjör: 6.790.000 kr.
Listaverð: 8.200.000 kr.
ÞÚ SPARAR
1.410.000 kr.
RENAULT KADJAR
Bose, dísil, beinskiptur, fjórhjóladrif.
Sérkjör: 4.490.00 kr.
Listaverð: 4.990.000 kr.
ÞÚ SPARAR
500.000 kr.
NISSAN NAVARA
Acenta+, fjórhjóladrifinn, dísil, ssk.
Sérkjör: 6.350.000 kr.
Listaverð: 6.990.000 kr.
ÞÚ SPARAR
640.000 kr.
NISSAN e-NV200
5/7 sæta, rafmagn, sjálfskiptur.
Sérkjör: 3.390.000 kr.
Listaverð: 4.090.000 kr.
ÞÚ SPARAR
700.000 kr.
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

# Guðrún Brá vann í fyrsta skipti og Axel náði að verja titil sinn

**Nýtt nafn var ritað á bikarinn fyrir Íslandsmótið í höggleik í golfi í kvennaflokki er Guðrún Brá Björgvinsdóttir varð meistari í fyrsta skipti í Vestmannaeyjum í gær. Axel Bóasson vann annað árið í röð í karlaflokki, en hann hefur orðið meistari þrisvar sinnum alls. Guðrún hafði mikla yfirburði en spenna var í karlaflokki.**

**GOLF** Guðrún Brá Björgvinsdóttir, atvinnukylfingur úr Golfklúbbnum Keili, varð Íslandsmeistari í fyrsta skipti þegar hún stóð uppi sem sigurvegari á mótinu sem haldið var í Vestmanneyjum um helgina. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir og Valdís Þóra Jónsdóttir, sigurvegarar síðustu tveggja ára, voru ekki með að þessu sinni vegna verkefna sinna erlendis og golfspekingar spáðu því að nú væri komið að Guðrúnu Brá að vinna titilinn.

Hún stóðst þær væntingar með glæsibrag, en hún hafði forystu allt frá því að fyrsta keppnisdegi lauk og til enda. Fyrsta hringinn lék hún á 70 höggum sem er par vallarins, annan hringinn á fimm höggum yfir pari, þann þriðja á tveimur höggum yfir pari og fjórða og síðasta á einu höggi yfir pari. Guðrún kórónaði góða frammistöðu sína um helgina með því að tryggja sér fugl á lokaholunni með einkar laglegri vippu í brekku rétt utan flatar.

Guðrún Brá er að feta í fótspor föður síns, Björgvins Sigurbergssonar, sem varð Íslandsmeistari fjórum sinnum árin 1995, 1999, 2000 og síðast árið 2007. Þau eru fyrstu feðginin sem tekst að standa uppi sem sigurvegarar á Íslandsmóti.

„Það er yndisleg tilfinning að verða Íslandsmeistari og þægilegt að hafa loksins náð að standa uppi sem sigurvegari á þessu móti. Það var mjög gaman að spila hérna í Vestmannaeyjum um helgina þó svo að veðrið hafi aðeins sett strik í reikninginn á öðrum og þriðja degi. Aðstæður voru finar í dag og ég náði að spila fínt golf og sigla sigrinum heim. Nú ætla ég að vera í viku hér heima og slaka á, en fer svo út í næstu viku og hef seinni hlutann á keppnistímabilinu á LET Access-mótaröðinni," sagði Guðrún Brá kát í samtali við Fréttablaðið.

Meiri spenna var í karlaflokki, en þar börðust Axel Bóasson, atvinnukylfingur úr Golfklúbbnum Keili, Björn Óskar Guðjónsson, afrekskylfingur úr Golfklúbbnum í Mosfellsbæ, og Haraldur Franklín Magnús, atvinnukylfingur úr Golfklúbbi Reykjavíkur, um Íslandsmeistaratitilinn. Axel og Björn Óskar voru við toppinn frá fyrsta keppnisdegi, en Haraldur Franklín blandaði sér í toppbaráttunna með því að slá vallarmetið þegar hann fór annan hringinn á 62 höggum og sló þar með 16 ára gamalt met Helga Dans Steinssonar.

Axel og Björn Óskar héldust hönd í hönd allt fram á lokaholu og Haraldur Franklín andaði ofan í hálsmálið á þeim allt fram á lokaholuna. Það voru tveir fuglar á 14. og 15. holu á lokahringnum sem lögðu grunninn að Íslandsmeistaratitli Axels. Þegar yfir lauk hafði Axel farið hringina fjóra á 12 höggum undir pari vallarins, Björn Óskar á tíu höggum undir pari og Haraldur Franklín á níu höggum undir pari. Axel varði þar af leiðandi titil sinn, en hann hefur alls orðið Íslandsmeistari þrisvar sinnum. Þar áður varð hann meistari árið 2011.

„Það var mikil spenna frá upphafi til enda og ég er gríðarlega ánægður með að hafa náð að landa þessu. Björn Óskar og Haraldur Franklín veittu mér harða keppni og það var ljúf tilfinning þegar þetta var í höfn. Völlurinn var í gríðarlega góðu ásigkomulagi og mjög gaman að spila á honum um helgina. Við fengum mörg mismunandi veðurafbrigði og það var bara gaman að kljást við það. Nú fer ég út til Danmerkur í nótt og byrja að undirbúa mig fyrir næsta mót í Nordic-mótaröðinni," sagði Axel sigurreifur í samtali við Fréttablaðið. **hjorvaro@frettabladid.is**



**Axel Bóasson og Guðrún Brá Björgvinsdóttir, atvinnukylfingar úr Golfklúbbnum Keili, með sigurlaunin.** MYND/GSÍ

> **Það er yndisleg tilfinning að verða Íslandsmeistari og þægilegt að hafa loksins náð að standa upp sem sigurvegari á þessu móti. Það var mjög gaman að spila hérna í Vestmananeyjum um helgina þó veðrið hafi aðeins sett strik í reikninginn á öðrum og þriðja degi.**
>
> Guðrún Brá Björgvinsdóttir

# ÍR varði titil sinn eftir harða rimmu við FH

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** ÍR varði bikarmeistaratitil sinn í frjálsum íþróttum eftir æsispennandi baráttu liðsins gegn FH, en þetta var í 52. skiptið sem bikarmeistaramótið er haldið og fór það fram í Borgarnesi að þessu sinni.

ÍR fékk samanlagt 116 stig í heildarkeppninni, en liðið fékk þremur stigum meira en FH sem varð í öðru sæti. Breiðablik hafnaði síðan í þriðja sæti með 91 stig.

FH varð bikarmeistari í kvennaflokki, en liðið fékk 64 stig og hafði betur á móti ÍR sem náði í 58 stig. Breiðablik hafnaði í þriðja sæti með 52 stig.

ÍR bar hins vegar sigur úr býtum í karlaflokki með 58 stigum gegn 49 stigum FH-liðsins. UMSS, Ungmennasamband Skagafjarðar, hafnaði í þriðja sæti í karlaflokki með 41 stig.

Guðni Valur Guðnason, kúluvarpari úr ÍR, bætti persónulegt met sitt þegar hann kastaði kúlunni 17,37 metra. Thelma Lind Kristjánsdóttir, kringlukastari úr ÍR, sem varð nýverið Íslandsmeistari í greininni vann sannfærandi sigur með kasti upp á 49,67 metra.

Tiana Ósk Whitworth, hlaupari úr ÍR, kom fyrst í mark í 100 metra hlaupi og Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir, Evrópumeistari 18 ára og yngri í 100 metra hlaupi, vann 400 metra hlaupið. **– hó**



**ÍR-ingar fagna hér bikarmeistaratitli sínum sem liðið vann eftir spennandi keppni við FH í Borgarnesi um nýliðna helgi.** MYND/GUNNLAUGUR JÚLÍUSSON

> **Góður árangur kvennaliðs FH dugði ekki til að velta ÍR af stalli á bikarmeistaramótinu í Borgarnesi um helgina. ÍR-ingar hafa orðið bikarmeistarar í frjálsum íþróttum tvö ár í röð.**

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**ÍBV - KA 2-1**
0-1 Bjarni Mark Antonsson (22.), 1-1 Gunnar Heiðar Þorvaldsson (26.), 2-1 Shahab Zahedi Tabar (53.).

**Víkingur - Stjarnan 0-4**
0-1 Þorsteinn Már Ragnarsson (1.), 0-2 Eyjólfur Héðinsson (21.), 0-3 Hilmar Árni Halldórsson (vítaspyrna) (38.), Hilmar Árni Halldórsson.

## Fínn árangur hjá íslenska liðinu á EM

**HANDBOLTI** Ísland hafnaði í sjöunda sæti á Evrópumótinu í handbolta karla skipuðu leikmönnum 20 ára og yngri sem lýkur í Celje í Slóveníu í dag. Íslenska liðið bar sigur úr býtum gegn Serbíu, 30-27 í leiknum um sjöunda sætið. Sigurinn tryggir liðinu sæti á heimsmeistaramótinu sem fram fer á Spáni á næsta ári.

Pétur Árni Hauksson var atkvæðamestur hjá Íslandi með níu mörk, Friðrik Hólm Jónsson kom næstur með sex mörk og Arnar Guðmundsson þar á eftir með fjögur. Birgir Már Birgisson skoraði þrjú mörk, Sveinn Jóhannsson og Orri Þorkelsson tvö mörk hvor og Sigþór Gunnar Jónsson, Úlfur Kjartansson, Elliði Snær Viðarsson og Andri Scheving sitt markið hver. **– hó**

## Birgir Leifur náði góðum lokaspretti

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, átti góðan lokasprett þegar hann spilaði lokahringinn á Porsche European Open-golfmótinu sem er hluti af Evrópumótaröðinni en leikið var í Hamborg í Þýskalandi um helgina.

Birgir Leifur fékk þrjá fugla á síðustu fjórum holum vallarins á lokahringnum sem hann lék á 71 höggi eða einu höggi undir pari vallarins.

Hann lék fyrsta hringinn á pari, náði sínum besta árangri á öðrum hring sem hann lék á tveimur höggum undir pari en fataðist svo flugið á þriðja hring sem hann lék á þremur höggum yfir pari.

Birgir lék því samtals á pari vallarins og hafnaði í 48.-54. sæti á mótinu. **– hó**



**Birgir Leifur Hafþórsson lék fínt golf á móti sem haldið var í Þýskalandi um helgina, einkum og sér í lagi á lokaholunum á síðasta hringnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Fólk

Lífsstíll

MÁNUDAGUR 30. JÚLÍ 2018



Nína Gautadóttir myndlistarkona hefur búið og starfað í París um árabil og heldur nú sýna fyrstu sýningu á Íslandi í tíu ár. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Augun hennar Nínu

Nína Gautadóttir hafði starfað á annað ár sem hjúkrunarfræðingur þegar hún ákvað að fara í ársdvöl til Parísar af því að hana langaði til að læra að teikna. Örlögin tóku í taumana og hún hefur verið starfandi listakona í tugi ára með aðsetur í París. Hún opnaði einkasýningu í Grafíkhúsinu á laugardaginn var, þá fyrstu á Íslandi í tíu ár. →2



Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➜

Ég vann við hjúkrun í eitt og hálft ár eftir útskrift en hafði alltaf langað að læra frönsku og fara í listaskóla svo ég ákvað að taka mér ársleyfi og fara til Parísar," segir Nína aðspurð um upphafið að listaferlinum. „En svo þróuðust hlutir þannig að ég fór í inntökupróf í listaháskóla í París og komst inn sem kom mér mjög á óvart og var ekki beinlínis tilgangurinn. En ég var ekki búin með peningana sem ég hafði lagt til hliðar fyrir dvölinni í París svo ég var fyrst eitt ár í skólanum og svo annað og og og að lokum fór svo að ég kláraði skólann. Upp úr því var ég farin að selja verk og vinna fyrir mér og svo kom ég mér upp fjölskyldu og ílentist."

## Veggteppin í kastalanum

Nína hefur getið sér gott orð sem myndlistarmaður sem vinnur í fjölbreytt efni. „Ég er búin að fara stóran hring og prófa ýmsar tjáningaraðferðir með mismunandi efnum og aðferðum. Í skólanum lærði ég meðal annars myndvefnað, svokallaðan góbelínvefnað sem eru stór og þung teppi sem voru notuð í kastalana hjá kóngunum til einangrunar, bæði fyrir hljóð og gegn hita og kulda. Þessi teppi voru gríðarlega mikið skreytt og mörg þeirra eru mjög fræg. Ég gerði tvö verk með þessari tækni og þróaði svo mína eigin aðferð í þrívíddarvefnaði sem átti vel við mig því mér finnst gott að vinna með þráð." En vefnaður var ekki viðurkenndur sem sjálfstætt listform svo Nína varð að taka lokapróf í málun. „Ég málaði svo heilmikið og svo reyndi ég við önnur efni líka, fór til Afríku og prófaði að nota leður. En ég var alltaf að vinna með saumaskap og að setja saman efni. Ég hef alltaf saknað vefnaðarins og nú er ég farin að vefa aftur og er búin að þróa aðra aðferð. Ég er orðin glysgjörn, nota pallíettur og perlur og alls kyns efni en byggi allt á góbelíntækninni. Og mér finnst svo gaman!"



Nína hefur unnið í fjölbreyttan efnivið á ferli sínum, bæði málað á striga en líka ofið, saumað og unnið í leður. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI

## Leðurvefnaður túarega

Nína dvaldi um nokkurt skeið í Níger með eiginmanni sínum sem var þar við störf sem byggingaverkfræðingur. „Þar lærði ég leðurtækni af hirðingjaþjóðflokki sem kallast túaregar eða blái maðurinn," segir hún og bætir við að túaregar séu einkar glæsilegt fólk með ýmsa heillandi siði. „Karlmennirnir eru með blæjur sem þeir draga fyrir munninn í návist konu. Konurnar eru með fullt af mjög sérstökum silfurskartgripum. Túaregar skreyta allt með leðrinu og skreyta leðurvefnað með kögri og litum og ég fékk að koma til þeirra og læra hjá þeim. Ég sýndi þessi verk hérna heima fyrir mörgum árum. En þetta var bara eitt tímabil. Þetta er allt í tímabilum hjá mér."

## Rúnir og myndletur

Annað tímabil var helgað letri. „Mig langaði að segja eitthvað með verkunum mínum og var að vinna með gömlu lestrarbókina Gagn og gaman, bæði myndirnar og svo setti ég íslensku stafina inn í þótt þeir hefðu enga merkingu fyrir Frakka, runur eins og Ég á á í á," segir hún og bætir því við að hún hafi svo lært egypskt myndletur. „Mig langaði nú aðallega til að geta skrifað það og var minna að pæla í málfræðinni. Svo notaði ég rúnirnar okkar og galdrastafina í bland við þetta allt saman. Ég var á einhverjum stað þar sem mér fannst ég verða að segja eitthvað með verkunum en þetta var allt falið í litunum svo kannski sáu aðrir það ekki. En mér fannst auðveldara að vera að segja eitthvað."

## Óður til rauðhærðra kvenna

Síðasta sýning Nínu hérlendis hverfðist um viðfangsefni sem henni hafði lengi verið hugleikið, enda er hún slík sjálf: Rauðhærðar konur. „Ég hélt sýningu á Íslandi fyrir tíu árum sem heitir Óður til rauðhærðra kvenna í myndlist," segir hún. „Þegar ég var í listasögu og fór mikið á söfn og sýningar þá tók ég eftir að í gömlu málverkunum er svo mikið af rauðhærðum konum, ótrúlega mikið, miðað við raunfjölda rauðhærðra. Svo ég fór að safna þessu og frá 1988 hef ég sankað að mér mörg þúsund myndum af listaverkum frá öllum tímabilum. Á sýningunni var ég með tölvu í gangi og varpaði myndunum upp á vegg og lét þær rúlla. Svo lét ég prenta nokkrar myndirnar út og saumaði með koparþræði í hárið svo þá voru þær með koparhár. Og ég komin í textílinn enn og aftur," segir Nína og kímir. „Ég bauð fullt af rauðhærðum konum á opnunina sem jafnframt var stofnfundur Samtaka rauðhærðra kvenna," bætir hún við. „Þetta voru konur á öllum aldri og þær hittust í fyrsta sinn á þeim forsendum að þær væru rauðhærðar. Þær voru hálffeimnar en líka stoltar. Og það er ákveðin reynsla að vera rauðhærð sem fáir skilja nema aðrir rauðhærðir."



Á sýningunni verða meðal annars ljósmyndir af augum sem Nína hefur safnað og ofið inn í veggteppi. Fyrir neðan augun eru speglar þar sem sýningargestir geta séð sig með annarra augu og augum.



Útsýni Nínu út um gluggann í París ...



... og það sem hún sá þegar hún leit inn á við en viðfangsefni sýningarinnar eru bæði augu og sýn, bæði útsýni og innsýn.

## Augu og sýn

Sýningin sem opnuð var á laugardaginn í Grafíkhúsinu var eins og áður sagði fyrsta sýning Nínu hér á landi í tíu ár. „Ég fékk löngun til að koma og deila," segir hún. „Frá því ég sýndi hér heima í fyrsta sinn árið 1980, en uppistaðan í þeirri sýningu var vefnaður, hefur fólk verið að spyrja mig hvort ég sé nokkuð hætt að vefa. Og ég svara alltaf: Nei, nei, ég er ekkert hætt, þó ég hafi verið að vinna í öðrum efnum á þeim tíma. En nú er ég farin aftur að vefa en þó í öðrum stíl, ég þori meira núna," segir hún og hlær.

Sýningin ber yfirskriftina Æ Æ I to eye og er hljóðleikur en viðfangsefni sýningarinnar er augu og sýn. „Ég hef gegnum árin tekið myndir af augunum í fólki sem ég hitti og umgengst, hef safnað augum og augnaráði að gamni mínu," segir listakonan. „Nú er ég með augu eða augnaráð í hverri mynd, augu inni í veggteppi og spegil fyrir neðan. Þegar þú horfir á verkið þá sérðu augun og munninn á sjálfum þér sem eina heild, sérð þig með augu og augum annarra." Á sýningunni eru einnig tvö eldri málverk. „Annað heitir Útsýni og er af því sem ég sá þegar ég leit út um gluggann minn í París og svo heitir hitt Innsýni og sýnir það sem ég sá þegar ég horfði inn á við, eitthvað sem gæti verið íslenskt landslag. Þemað á sýningunni er þráður og sjón. Svo hljóma sönglög á sýningunni hvaðanæva úr heiminum sem fjalla um augu á mismunandi tungumálum. Þetta er bara svona létt og leikandi, kona er hætt að taka sig alvarlega með aldrinum," segir Nína Gautadóttir að lokum og hlær.

Sýningin Æ Æ I to Eye er eins og áður sagði í Grafíksalnum, Tryggvagötu 17, gengið inn Hafnarmegin og stendur til 12. ágúst. Hún er opin alla daga frá tvo til sex nema mánudaga.







**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson
**Sölumenn:** Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433

# Fasteignablaðið

31. TBL. MÁNUDAGUR 30. JÚLÍ 2018

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



heimili fasteignasala – á traustum grunni



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali

Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali

Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali

Brynjólfur Snorrason lögg. fasteignasali

Gunnlaugur A. Björnsson lögg. fasteignasali

Ásdís Írena Sigurðardóttir skrifstofustjóri

Ragnar Þorgeirsson viðskiptafræðingur

Félag Fasteignasala

Finndu okkur á Facebook

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500



**Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð**



**Ingólfur Geir Gissurarson** Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari **896 5222**

**Heiðar Friðjónsson** Sölustjóri Löggiltur fasteignasali B.Sc **693 3356**

**Herdís Valb. Hölludóttir** Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali **694 6166**

**Úlfar F. Jóhannsson** hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.



**Margrét Sigurgeirsdóttir** Skrifstofustjóri margret@valholl.is **588 4477**

**Pétur Steinar Jóhannsson** Aðstoðarm. fasteignasala Snæfellsnesi **893 4718**

**Anna F. Gunnarsdóttir.** Lita og innanhús Stílisti. Löggiltur fasteignasali **892 8778**

**Sturla Pétursson** Löggiltur fasteignasali **899 9083**

**Snorri Snorrason** Löggiltur Fasteignasali. Útibú Höfn í Hornafirði. **895-2115**

Framúrskarandi fyrirtæki

VALHÖLL FASTEIGNASALA Síðan 1995

*Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!*

Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is


# Glæsihús við Elliðaárnar

Fasteignamarkaðurinn ehf., sími 570-4500, kynnir stórglæsilegt og algjörlega endurbyggt 294 fermetra einbýlishús á einni hæð á einstökum útsýnisstað við Heiðarbæ 17 í Reykjavík, rétt við Elliðaárnar. Húsið stendur á skjólsælum stað og hverfið er mjög rólegt.

Endurnýjaðar voru allar lagnir, þak, húsið klætt að utan að stórum hluta, allar innréttingar, gólfefni, bílskúr, verönd og lóð o.fl. Vandað hússtjórnarkerfi er í húsinu og með því má m.a. stýra tónlist í innbyggðu hljóðkerfi í loftum hússins, gólfhita í húsinu, rafdrifnum gardínum, lýsingu o.fl.

Fataskápar í anddyri, gestasnyrting, herbergi og innangengt í þvottaherbergi, en einnig er innangengt í þvottaherbergi úr hjónasvítu. Eldhúsið er í opnu alrými sem er aðalrými hússins, þar eru stórir gólfsíðir gluggar sem eru opnanlegir með stórum rennihurðum. Mjög mikil lofthæð er í alrými og rafdrifin gluggatjöld eru í rýminu. Innréttingar í eldhúsi eru einstaklega vandaðar með rafopnun á skúffum.

Stofa og borðstofa eru í alrými, opnu við eldhús, sem er einstaklega bjart og með verulega aukinni lofthæð. Í húsinu eru þrjú baðherbergi, sem öll eru flísalögð í hólf og gólf, með nýjustu tækjum frá Vola, innbyggðum handklæðaofnum í veggi og upphituðum móðufríum speglum. Fjögur svefnherbergi, tvö rúmgóð barnaherbergi með fataskápum og hjónasvíta með sérbaðherbergi. Sjónvarpsstofa með gólfsíðum gluggum til suðurs og rennihurð út á verönd.



**Ákaflega glæsilegt hús í Árbæ, sem hefur verið endurnýjað að öllu leyti, er til sölu.**

Bílskúr er rúmgóður með gluggum, góðri lofthæð og göngudyrum. Sama gólfefni er á bílskúr og á innkeyrslu og eru hitalagnir þar undir. Stutt í alla þjónustu, skóla, íþróttaaðstöðu og vinsælt útivistarsvæði með göngu- og hjólastígum sem tengja allt höfuðborgarsvæðið.

Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Fasteignamarkaðarins ehf. í síma 570-4500 eða á netfanginu fastmark@fastmark.is.


**Fasteignasala Mosfellsbæjar**



**Einar Páll Kjærnested lögg. fasteignasali. einar@fastmos.is**

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081 WWW.FASTMOS.IS

## Gerplustræti 31-37 – 270 Mosfellsbær




Vel skipulagðar íbúðir, ásamt bílastæði í bílageymslu, í lyftuhúsi í Helgafellshverfi. Íbúðirnar skilast fullbúnar með innréttingum frá Axis, án megin gólfefna. Gólf í baðherbergjum/þvottahúsum verða flísalögð. Verið er að reisa glæsilegan leik- og grunnskóla í hverfinu, Helgafellsskóla. Afhending í júlí 2018.

**2ja herbergja íbúðir. V. 36.5 m. – 39,5m.**

**4ra herbergja íbúðir. V. 44,5 m. – 58,9 m.**

**5 herbergja íbúðir. V. 53,9 m. – 54,9 m.**

## Tröllaborgir 3 í Grafarvogi.




**Opið hús þriðjudaginn 31. júlí 2018 kl. 17:30 til 18:00**

Fallegt 167,2 m2 endaraðhús á fallegum ústýnisstað við Eignin skiptist í forstofu, baðherbergi, 2-3 svefnherbergi, þvottahús og bílskúr á jarðhæð og eldhús, hjónaherbergi, baðherbergi og stóra stofu með fallegu útsýni á efri hæð. **Verð kr. 72.200.000,-**

## Arnartangi 61 í Mosfellsbæ.




**Opið hús þriðjudaginn 31. júlí 2018 kl. 16:45 til 17:15**

122 m2 raðhús á einni hæð með bílskúr. Eign í barnvænu og rólegu hverfi. Stór og gróinn sérgarður í suðurátt. Húsið skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, eldhús, baðherbergi/þvottahús, stofu og borðstofu. **V. 52,8 m.**

## Goðaborgir 8 í Reykjavík.




**OPIÐ HÚS MÁN .30. JÚLÍ KL. 17:00-17:30**

132,4 m2 fimm herbergja íbúð með fallegu útsýni á tveimur hæðum. Eignin skiptist í stofu, eldhús, sjónvarpshol, fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi og vinnurými. **V. 52,9 m.**

## Gnoðarvog 38 í Reykjavík.




**OPIÐ HÚS MÁN. 30. JÚLÍ KL. 18:00-18:30**

Eignin er skráð 63,7 m2, íbúð á hæð. Eignin skiptist í stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi. Snyrtileg tveggja herbergja endaíbúð á annari hæð á vinsælum stað. **V. 34.9 m**

## Dalbraut 1. í Reykjavík.




**OPIÐ HÚS MÁN. 30. JÚLÍ KL. 16:00-18:30**

Gott skipulag - Fallegt útsýni - Bílskúr - Möguleiki á sólstofu á svölum . 57,4 m2, 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi, ásamt 25,9 m2 bílskúr við. Góð staðsetning miðsvæðis í Reykjavík. Stutt í alla þjónustu. **V. 34.9 m**

## Laxatunga 101 - 270 Mosfellsbær




Fimm herbergja einbýlishús með útsýni í Leirvogstungu. Eignin er skráð: Einbýli 181,2 m2 og bílskúr 53 m2, samtals 234,2 m2. Eignin skiptist í andyri, stofu, eldhús, 4. svefnherbergi, fataherbergi sjónvarpshol, 2. baðherbergi og þvottahús. **V. 71,9 m.**

## Skeljatanga 9 í Mosfellsbæ.




**OPIÐ HÚS Þri. 31. JÚLÍ KL. 17:30-18:30**

Falleg 94,2 m2, 4ra herb. íbúð á fyrstu hæð í fjórbýlishúsi með sérinngangi. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús/geymslu, eldhús og stofu. Við hlið inngangs er köld útigeymsla. Vinsæll staður rétt við skóla, leikskóla, sundlaug og líkamsrækt. **V. 43.9 m**

## Klapparhlíð 30 í Mosfellsbæ.




Falleg 4-5 herbergja endaíbúð á 2. hæð. Frábær staðsetning í vinsælu hverfi rétt við skóla, leikskóla og sundlaug. Svalir í suðvestur. Eignin er skráð 112,6 m2, íbúð 105,9m2 og geymsla 6,7 m2 og skiptist í stofu, eldhús, baðherbergi, þvottahús og þrjú svefnherbergi, möguleiki er á að útbúa fjórða svefnherbergið. **V. 49.9 m.**

## Þorláksgeisla 31 í Grafarholti.




**Opið hús mán. 30. júlí 2018 kl. 16:45 til 17:20**

Mjög rúmgóð og falleg 114,8 m2, 4ra herbergja íbúð á annari hæð í 3ra hæða lyftuhúsi við. Eigninni fylgir bílastæði í lokuðum bílakjallara. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, hol, baðherbergi með baðkari og sturtuklefa, þvottahús, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir sér geymsla á jarðhæð. **Verð kr. 52.900.000,-**

## Laxatungu 169 í Mosfellsbæ.




Eignin er skráð 342 m2, einbýli 282 m2 og bílskúr 60 m2. Glæsilegt einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr innst í botnlagna. **Verð kr. 127.000.000,-**

# EIGNAMIÐLUN

**SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957**



**Sverrir Kristinsson**
Löggiltur fasteignasali



**Kjartan Hallgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 824 9093



**Guðmundur Sigurjónsson**
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali



**Guðlaugur I. Guðlaugsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 864 5464



**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri
Sími 899 1882



**Magnea S. Sverrisdóttir**
MBA, löggiltur fasteignasali
Sími 861 8511



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari
Sími 824 9098

## SLÉTTUVEGUR 17, 103 REYKJAVÍK





2ja herb. 90,2 fm björt íbúð á 6. hæð í lyftuhúsi á þessum vinsæla stað. Suðursvalir. Glæsilegt útsýni yfir Fossvoginn. Húsvörður er í húsinu. Íbúðin er fyrir 55 ára og eldri en engin félagsskylda. Laus við kaupsamning. Mikil sameign, svo sem líkamsræktaraðstaða og heitur pottur og starfrækt er hárgreiðslustofa og snyrtistofa í húsinu.
**Uppl. Brynjar Þór Sumarliðason löggiltur fasteignasali í síma 896 1168 - brynjar@eignamidlun.is**
**V. 49,9 m.**

## MÁNATÚN 3 105 REYKJAVÍK





Stórglæsileg og vönduð 5 herbergja 198,3 fm íbúð á 6. hæð (efstu) við Mánatún. Íbúðinni fylgja tvö stæði í bílageymslu. Sér inngangur er af flísalögðum svölum, aðeins tvær íbúðir á gangi. Húsið er á vinsælum stað miðsvæðis í Reykjavík, aðkoman góð og útsýni. Húsvörður.

**Uppl. gefur Brynjar Þór Sumarliðason löggiltur fasteignasali í síma 896 1168 - brynjar@eignamidlun.is**
**V. 98,9 m.**

## KIRKJUVELLIR 5 221 HAFNARFJÖRÐUR



**OPIÐ HÚS**



Kirkjuvellir 5, 90.0 fm 3 herb. einstaklega vel skipulögð íbúð á 4. hæð í vel staðsettu lyftuhúsi á fjölskylduvænum stað í Hafnarfirði. Góðar innréttingar, parket og flísar.
**Nánari upplýsingar veitir Hilmar Þór Hafsteinsson lögg. fasteignasali/leigumiðlari, í síma 824-9098**
**Opið hús þriðjudaginn 31. júlí 2018 milli kl. 17:00 og kl. 17:30.**
**V. 39,5 m.**

## SÓLTÚN 7 105 REYKJAVÍK





Rúmgóð 104, fm þriggja herbergja íbúð á annarri hæð. Íbúðin er laus við kaupsamning. Suður svalir og þrjár geymslur fylgja íbúðinn.

**Nánari upplýsingar veitir Hilmar Þór Hafsteinsson lögg. fasteignasali/leigumiðlari, í síma 824-9098**

**V. 49 m.**

## JAÐARLEITI 4 108 REYKJAVÍK





Virkilega falleg 108 fm þriggja herbergja íbúð á þriðju hæð. Mikið útsýni er frá íbúðinni. Svalir með svalalokun. Bílastæði í lokuðum bílakjallara. Íbúðin skiptist m.a. í svefnherbergi, stórt alrými þ.e. stofu, borðstofu og eldhús, baðherbergi og sérþvottahús.

**Uppl. gefur Brynjar Þ.Sumarliðason lögg fs sími 896-1168, brynjar@eignamidlun.is**

**V. 69,8 m.**

## ENGIHJALLI 3 200 KÓPAVOGUR



Góð 3ja herbergja 87 fm hornibúð í lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í n.k. forstofu hol, eldhús, rúmgóða stofu, tvö svefnherbergi og baðherbergi. Nánari uppl. Brynjar Þór Sumarliðason löggiltur fasteignasali í síma 896 1168 **V. 33,9 m.**

## DREKAVELLIR 22 221 HAFNARFJÖRÐUR



Góð 105,4 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í litlu snyrtilega álklæddu fjölbýli. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, eldhús, þrjú herbergi, baðherbergi og þvottahús. Suðursvalir útfrá stofu. Hraunvallaskóli hinum megin við götuna og stutt í verslun. Íbúðin getur verið laus fljótlega. **Nánari uppl. Brynjar Þór Sumarliðason löggiltur fasteignasali í síma 896 1168. V. 43,9 m.**

## KELDULAND 19, 108 REYKJAVÍK



**OPIÐ HÚS**



Virkilega snyrtileg og góð 52.1 fm tveggja herbergja íbúð í Fossvoginum, stór sér sólpallur til suðurs.

**Uppl. gefur Brynjar Þór Sumarliðason löggiltur fasteignasali í síma 896 1168 - brynjar@eignamidlun.is**
**Opið hús mánudaginn 30. júlí 2018 milli kl. 17:00 og kl. 17:30.**

**V. 36,9 m.**

## SKIPASUND 25 104 REYKJAVÍK





Góð og töluvert endurný 94 fm efri sérhæð. Endurnýjaðar raflagnir og nýlegt járn á þaki. Rúmgott eldhús og stórar svalir til suð-austurs, sér inngangur. Góð og vel skipulögð eign miðsvæðis í Reykjavík, stutt í skóla og leikskóla.

**Nánari upplýsingar veitir Hilmar Þór Hafsteinsson lögg. fasteignasali í síma 824-9098,**

**V. 43,9 m.**

# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá
# - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**


Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali


*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is


Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is


Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Lundur og Naustavör- Kópavogi. Nýjar og glæsilegar íbúðir til sölu.

### *Vatnsstígur 15. Glæsileg 4ra herbergja endaíbúð. Gluggar í 3 áttir.*



Einstaklega björt 136,8 fm. endaíbúð með gluggum í 3 áttir, tvennum svölum og sér bílastæði í bílageymslu.

Mjög stór og björt stofa með fallegum útbyggðum glugga til vesturs. Rúmgóðar svalir til suðurs og vesturs með svalalokun. Stórt baðherbergi með glugga og miklum innréttingum og gestasnyrting. Allar innréttingar og parket á íbúðinni eru úr eik. Þrjú herbergi. Opið eldhús við stofu.

**Mjög rúmt er um íbúðina og hún björt þar sem opin svæði eru bæði vestan- og austanmegin við hana.**

**Verð 90,0 millj.**

### *Asparás 7 – Garðabæ. Efri hæð – 3ja herbergja*




**Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 17.15 – 17.45**

Mjög falleg og afar vel skipulögð 116,0 fm. íbúð á efri hæð með sér inngangi að meðtalinni 6,7 fm. sér geymslu á jarðhæð. Húsið stendur á fallegum stað við opið svæði og með útsýni að Reykjanesi.

**Íbúðinni var breytt mikið frá upphaflegri teikningu byggingarverktakans sem byggði húsið og hún innréttuð eftir teikningum frá innanhússarkitekt.**

**Granít er í öllum gluggakistum og vandaðar innréttingar og fataskápar eru í íbúðinni. Innfelld lýsing í loftum í stórum hluta íbúðarinnar. Stórar svalir til suðurs.**

**Verð 57,9 millj.**

### *Þorragata 7. 4ra herbergja íbúð ásamt bílskúr.*



Mjög góð 149,8 fm. íbúð, að meðtöldum bílskúr og sérgeymslu í fjölbýlishúsi fyrir 63 ára og eldri við Þorragötu. Íbúðin er öll innréttuð með ljósum viði, Beyki, og lítur vel út. Mjög stór stofa með útgengi á skjólsælar svalir til suðurs sem eru yfirbyggðar að hluta.

Útsýnis nýtur frá stofum og bókaherbergi yfir sjóinn, að Bláfjöllum, Álftanesi og Reykjanesinu. Þrjú rúmgóð herbergi. Húsvörður.

**Íbúðin er laus fljótlega.**

**Verð 79,9 millj.**

### *Eiðismýri – Seltjarnarnesi. 2ja herbergja íbúð – eldri borgarar.*



Góð 97,3 fm. endaíbúð á 1. hæð að meðtalinni sér geymslu í lyftuhúsi fyrir eldri borgara á Seltjarnarnesi. Stofa með stórum gluggum til suðurs og útgengi á hellulagða verönd til suðurs, sérafnotaflötur. Rúmgott eldhús með góðri borðaðstöðu. Tyrfð lóð, hellulögð stétt og fallegur gróður.

Eftirlitskerfi, samkomusalur og afþreyingarsalur er í sameign hússins.

Húsvörður er til staðar 2 klst á dag 5 daga vikunnar.

**Verð 44,9 millj.**

### *Grettisgata. 4 stúdíóíbúðir.*



4 stúdíóíbúðir með eldhúsinnréttingum og sérbaðherbergjum auk 3ja herbergja með sameiginlegu eldhúsi og tveimur baðherbergjum. Samtals er gistirými fyrir 30 manns í eigninni. Auk þessa fylgir óinnréttað um 60 fermetra rými í kjallara með sérinngangi af baklóð, gluggum, ofnum og neysluvatni þar sem hægt væri að gera 3x 2ja manna herbergi til viðbótar.Íbúðirnar og herbergin voru öll endurnýjuð á árunum 2016 - 2018, þ.m.t. baðherbergi, eldhúsinnréttingar og tæki, raflagnir og töflur, ofnar og ofnalagnir að stórum hluta og neysluvatnslagnir að hluta.**Eign sem vel gæti hentað starfsmannafélögum, stéttarfélögum og/eða aðilum sem eru að leita sér að góðum tekjumöguleikum. Allt innbú, sem til staðar er í eigninni getur fylgt með í kaupunum.**

### *Óðinsgata 6a. Einbýlishús á baklóð.*



Mjög fallegt 115,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á baklóð við Óðinsgötu 6a auk 6,0 fm. geymsluskúrs á lóð hússins. Alrými, sem í eru eldhús og stofa með flotuðu og lökkuðu gólfi, gólfhita, aukinni lofthæð og fallegum viðarbitum í loftum. Auk þessa eru á hæðinni baðherbergi og herbergi/vinnuaðstaða. Á neðri hæð eru sjónvarpsstofa, eitt herbergi og þvottaherbergi.

Lóðin er skjólsæl og afgirt með tyrfðum flötum og hellulögn og er sameiginleg með húsinu nr. 6.

**Verð 57,9 millj.**

### *Garðhús 12 - Grafarvogi. 4ra herbergja glæsileg íbúð ásamt bílskúr.*





Björt og vel skipulögð 150,6 fm. íbúð á 3. og 4. hæð, efstu hæðir, með rúmgóðum svölum til suðurs og fallegu útsýni til norðurs. Tvö baðherbergi eru í íbúðinni. Eldhús er endurnýjað á afar vandaðan og glæsilegan máta með vönduðum eldhústækjum. Tvö svefnherbergi. Opið rými sem er sjónvarpsrými og skrifstofa. Nýlegt parket á aðalhæð. Íbúðinni fylgir 20,6 fm. bílskúr.

Staðsetning er afar góð. Stutt er í leikskóla, grunnskóla og íþróttasvæði.

**Verð 59,9 millj.**

### *Dofraborgir. Frábær staðsetning.*



- Mjög gott 197,0 fm. vel skipulagt og frábærlega staðsett einbýlishús á einni hæð á 892,0 fm. grónini lóð. Fallegt útsýni til suðvesturs út á sundin og yfir borgina.
- Húsið teiknaði Jakob Líndal arkitekt og sá Auður Sveinsdóttir landslagsarkitekt um hönnun á lóð.
- Húsið stendur við autt svæði frá baklóð með glæsilegu útsýni og í næsta nágrenni við höggmyndagarð Hallsteins Sigurðssonar myndhöggvara.
- Aukin lofthæð er yfir flestum rýmum og herbergjum. Gólfsíðir gluggar.
- Húsið er steinsteypt og með álklæðningu. Stór verönd til suðvesturs og heitur pottur með skjólgirðingu.

**Verð 99,9 millj.**

### *Frostafold. 3ja herbergja íbúð ásamt bílskúr.*



Góð 104,2 fm. íbúð á 2. hæð að meðtalinni sér geymslu við Frostafold í Grafarvogi. Íbúðinni fylgir 23,6 fm. bílskúr. Svalir eru til suðurs og gluggar í þrjár áttir. Íbúðin er mjög björt og vel skipulögð. Rúmgóð og björt borð- og setustofa með útgengi á svalir sem skilast flísalagðar. Frá stofu og svölum nýtur útsýnis. Eldhús er opið við borðstofu. Tvö svefnherbergi. Skipt hefur verið um gler í stærstum hluta íbúðarinnar.

**Verð 44,9 millj.**

### *Ljósheimar 14-18. 4ra herbergja íbúð á 3. hæð - laus strax.*



Björt og vel skipulögð 100,7 fm. íbúð á 2. hæð, að meðtalinni sérgeymslu í fjölbýlishúsi með tveimur lyftum. Stofa/borðstofa er rúmgóð og björt með stórum gluggum til vesturs og útgengi á vestursvalir. Eldhús með upprunalegri innréttingu. Þrjú svefnherbergi. Gengið út á svalir úr einu herberginu. Búið er að endurnýja allt ofnakerfi í íbúðinni. Sameign hússins er öll mjög snyrtileg.

**Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.**

**Verð 41,9 millj.**

# FOLD FASTEIGNASALA

*Sóltún 20 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*





**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

**Gústaf Adolf Björnsson**
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205

**Kristín Pétursdóttir**
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965

**Rakel Viðarsdóttir**
viðskiptalögfr. og í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044

**Einar Marteinsson**
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

**Anna Ólafía Guðnadóttir**
íslenskufræðingur


## Melabraut , 170 Seltjarnarnesi.
**OPIÐ HÚS MÁNUD. 30.7 KL. 16:30-17**




Vel skipulögð, ca. 130 fm. sérhæð í nýlega viðgerðu húsi við Melabraut á Seltjarnarnesi. Íbúðin er með þremur svefnherbergjum, tveimur stofum og sólstofu ásamt eldhúsi og baði. Húsið er nýlega steinað og viðgert að utan og lítur vel út. **Verð 56,9 millj.**

**Opið hús mánudag 30.7. kl. 16:30-17:00, verið velkomin.**

## Valhúsabraut 13, Seltjarnarnesi jarðhæð.
**OPIÐ HÚS MÁNUD. 30.7 KL. 17:5-17:45**




Vel skipulögð, talsvert endurnýjuð íbúð á jarðhæð á rólegum stað á Seltjarnarnesi. Íbúðin er björt og opin, þvottaherb/geymsla. innan íbúðar. Sérinngangur, falleg lóð. **Verð 32,9 millj.**

**Opið hús mánudag 30.7. frá kl. 17:15-17:45, verið velkomin.**

## Ljósheimar 4, 104 Rvk., 4ra herbergja.
**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUD. 31/7 KL. 17-17:30**




Ljósheimar 4, íbúð 304. 109,2 fm björt og falleg 4ra herbergja íbúð á 3ju hæð í mikið endurnýaðri lyftublokk á frábærum stað í námunda við Laugardalinn. Íbúðin hefur verið talsvert endurnýjuð og er laus við kaupsamning. **Verð 45,7 millj.**

**Opið hús þriðjudag 31. júlí kl. 17-17:30 , verið velkomin.**

## Kópavogsbraut 77: Stórglæsileg efri sérhæð
**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG 31.7 KL. 17-17:30**




Efri sérhæð: Ca. 212 fm. glæsileg eign á efstu hæð í nýlegu fjórbýlishúsi á frábærum útsýnisstað í Kópavogi. Allar innréttingar og tæki eru af vönduðustu gerð. Íbúðin skiptist í rúmgóðar stofur, 3 svefnherbergi, baðherbergi og gestasnyrtingu auk bílskúrs og rúmgóðrar forstofu. Tvennar svalir með frábæru útsýni. Þetta er einstök eign á frábærum stað. **Verð 99,5 millj.** **Opið hús þriðjudag 31.7. kl. 17-17:30, verið velkomin.**

## Glæsilegt einbýlishús í Laugarásnum
**ARKITEKT MANFREÐ VILHJÁLMSSON**




Ca. 323 fm einbýlishús á frábærum stað á horni Langholts og Laugarásvegar. Húsið sem er byggt 1963 var hannað af Manfreð Vilhjálmssyni arkitekt. Á efri hæð eru stofur, eldhús, tvö baðherbergi, eldhús og þvottahús auk svefnherbergja. Á neðri hæð er sjónvarpshol, stofa og sólstofa, geymslur, baðherbergi og gestasnyrting auk geymslna. Skjólgóður garður er við húsið og bílskúr innbyggður. **Verð 117 milljónir. Bókið skoðun hjá sölumönnum.**

## Ofanleiti 5, 103 Rvk.
**3JA HERBERGJA.**




Ofanleiti 5, íbúð 102: Ca. 83 fm. 3ja herbergja íbúð með sérverönd og afgirtri lóð á frábærum stað við Kringluna. Tvö svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi, einnig er sérþvottahús og geymsla á hæðinni. Verið er að gera við múr hússins og mála að utan. Verð 39 millj. Íbúðin er laus og tilbúin til afhendingar við kaupsamning.
**Pantið tíma fyrir skoðun, lyklar á skrifstofu.**

## Sóltún 11, 105 Rvk.
**3JA HERBERGJA + BÍLAGEYMSLA.**




Sóltún 11, íbúð 503. Falleg íbúð á 5. hæð í vönduðu fjölbýlishúsi við Sóltún í Reykjavík ásamt stæði í bílageymslu. Parket á stofu og herbergjum. Þvottaherbergi og geymsla innan íbúðar og auk þess gott geymslurými í kjallara. Suðursvalir frá stofu. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. **Verð 56,9 millj.**
**Lyklar á skrifstofu, bókið skoðun hjá sölumönnum Foldar.**

## Efristígur Þingvöllum
**ENDURBYGGÐUR BÚSTAÐUR Á FALLEGRI LÓÐ**




Ca. 50 fm. sumarhús á fallegum stað á Þingvöllum. Húsið var endurbyggt árið 2009: Lagnir, klæðning, baðherbergi, eldhús og fleira er frá þeim tíma. Bústaðurinn er vel skipulagður og hlýlegur. Lóðin er stór og með fallegri trjárækt. Bústaðurinn er innan Þingvallaþjóðgarðs og nýtur lóðarréttinda í samræmi við það. **Verð 21,5 millj.**

## Sumarhús við Þingvallavatn
**EINSTÖK STAÐSETNING.**




Samtals 76 fm. fallegt sumarhús með gestahúsi á fallegum stað við Efristíg í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Frábært útsýni yfir vatnið. Stór lóð. Einstakt tækifæri til að eignast sumarhús í þessari náttúruparadís. **Verð 16,5 millj.**

**Nánari upplýsingar á skrifstofu Foldar.**

## Kiðjaberg-eignarlóð
**SUMARHÚS Í HESTLANDI.**



Einstaklega vel staðsett og gott sumarhús í Kiðjabergi við Hestfjall á eignarlóð. Húsið er með tveimur svefnherbergjum og svefnlofti. Tvær góðar geymslur. Tveggja fasa rafmagn. Heitur pottur. Rafmagnskynding. Hitaveita á svæðinu. Útsýni yfir Hvítá. Stutt í margvíslega afþreyingu. **Verð 20 milljónir. Pantið tíma fyrir skoðun.**

## Heiðarbyggð við Flúðir
**SUMARHÚS.**




Fallegt og vel viðhaldið sumarhús á góðum stað nálægt Flúðum, hitaveita. Í húsinu eru tvö svefnherbergi auk svefnlofts. Pallur er á fjóra vegu með heitum potti. Ca. 11 fm. gott geymsluhús fylgir sem auðvelt væri að breyta í gestahús. Vel viðhaldin og vel skipulagður bústaður á frábærum stað. Fallega gróin lóð og mikið útsýni. **Verð 20,9 millj.**

## Heilsárshús á frábærum útsýnisstað
**Í GREND VIÐ SKÁLHOLT**




Rúmlega 100 fm. nýlegt heilsárshús á frábærum stað við Dynjandisveg, nálægt Skálholti og Reykholti í Bláskógabyggð. Í húsinu eru þrjú góð svefnherb. auk óskráðs svefnrýmis í risi. Húsið stendur hátt með miklu útsýni yfir Brúará og til fjalla. Vönduð eign á frábærum stað. **Verð 41,6 millj.**

**Hvað kostar eignin mín?**
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

**Þú finnur okkur á fold.is**

# brabantia

# *Til hagræðingar fyrir heimilið*



Strauborð með fallegu látlausu áklæði.



Þvottakörfur sem hægt er að breyta í axlartösku þegar þvotturinn er fluttur.



Þurrkgrind.



Gaskveikjarar.



Pokar og ilmsjöld fyrir Brabantia ruslaföturnar.



Þvottakörfur sem hægt er að stafla. Til í nokkrum litum.



Mæliskálar í eldhúsið.



Eldhúsvogir. Til í þremur litum.



Eldhúsáhöld í góðu úrvali.

## *Vinsælu þrifalegu ruslaföturnar - Nýir litir - Margar stærðir*



WINDSOR RED | MUSTARD YELLOW | MATT BLACK | MOSS GREEN | ALMOND | DAISY YELLOW | REFLECTIVE BLUE

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**Opnunartímar:**
**Virka daga 10-18**
**Lokað laugardaga í sumar**

ormsson

Netverslun
ORMSSON.IS

ORMSSON
**Greiðslukjör**
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
30. JÚLÍ 2018 MÁNUDAGUR

## Merkisatburðir

**1626** Um 70 þúsund manns létust í Napólí og nágrenni af völdum jarðskjálfta og fljóðbylgju sem fylgdi í kjölfarið.

**1930** Úrúgvæjar verða fyrstu heimsmeistarar sögunnar í knattspyrnu þegar þeir sigra Argentínumenn, 4-2, í úrslitaleik í Montevideo.

**1947** Arnold Schwarzenegger, stórleikari og fyrrverandi ríkisstjóri Kaliforníu, fæddist á þessum degi í þorpinu Thal í Austurríki.

**1980** Vanúatú hlýtur sjálfstæði frá Bretlandi og Frakklandi.

**2000** Stafkirkja er vígð í Vestmannaeyjum. Kirkjan var gjöf frá norsku þjóðinni í tilefni þúsund ára afmælis kristnitöku á Íslandi.



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Aðalheiður Karlsdóttir**
(Lóa)
Grænumörk 1, Selfossi,

lést á dvalarheimilinu Ási miðvikudaginn 25. júlí. Útförin fer fram frá Stokkseyrarkirkju miðvikudaginn 1. ágúst kl. 14.00.

**Erna Magnúsdóttir** | **Steindór Kári Reynisson**
**Aðalheiður Millý Steindórsd.** | **Kristján Guðnason**
**Elín Gíslína Steindórsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar,

**Aðalbjörg Jónsdóttir**
Dalbraut 20,

sem lést mánudaginn 16. júlí, verður jarðsungin frá Langholtskirkju föstudaginn 3. ágúst kl. 13.

**Jón Hermannsson og fjölskylda**
**Ragnhildur Hermannsdóttir og fjölskylda**
**Guðmundur Hermannsson og Klara Njálsdóttir**
**Aðalsteinn Hermannsson og Jóhanna Þórarinsdóttir**
**Sigurborg Ágústa Jónsdóttir og fjölskylda**
**ömmubörn langömmubörn og langalangömmubörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, stjúpfaðir, bróðir, mágur, afi og langafi,

**Þorsteinn Ingólfsson**
fyrrverandi sendiherra,
Kópavogstúni 4,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 1. ágúst kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Hólmfríður Kofoed-Hansen**
**Ingólfur Þorsteinsson** | **Þorbjörg Kristinsdóttir**
**Hanna Valdís Þorsteinsdóttir** | **Sheer El-Showk**
**Hallveig Fróðadóttir**
**Ragna Fróðadóttir**
**Björn Fróðason** | **Lovísa V. Bryngeirsdóttir**
**Hólmfríður Fróðadóttir**
**Örn Ingólfsson** | **Hjördís Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar,

**Ingibjörg K. Guðjónsdóttir Patton**
fædd á Eiríksgötu 25, Reykjavík,
búsett í Bandaríkjunum,

verður jarðsungin miðvikudaginn 1. ágúst nk. kl. 11.00 frá Fossvogskirkju.

**Gloria Sherrill** | **John Patton**
**Arthur Patton** | **Steven Patton**



**Skúli Jón Friðgeirsson segir kærustu sína, Jennifer Berg, þurfa að sjá um afmæliskökuna fyrir liðsfélagana í KR.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORSTEINN

# Knattspyrnan oft haft áhrif á afmælisfögnuð

**Varnarmaðurinn Skúli Jón Friðgeirsson er þrítugur í dag. Hann heldur upp á afmælið inni vellinum þegar KR mætir Grindavík. Að stórafmælið hitti á leikdag hefur áhrif á það hvað hægt er að gera í tilefni dagsins. Skúli Jón vonar að gleðin verði með KR í liði.**

Við eigum leik heima þarna um kvöldið svo það verður ekki gert mikið á sjálfan afmælisdaginn. Mögulega verður eitthvað gert um kvöldið ef leikurinn fer eins og hann á að fara,“ segir knattspyrnukappinn Skúli Jón Friðgeirsson en hann er þrítugur í dag.

Lið Skúla, Knattspyrnufélag Reykjavíkur, tekur í kvöld á móti Grindavík í Frostaskjóli í 14. umferð Pepsi-deildar karla. Fyrir leik eru liðin jöfn með tuttugu stig í fjórða og fimmta sæti en fimm stig eru í Stjörnuna og Breiðablik í öðru og þriðja sæti.

Sú staðreynd að stórafmælið hitti á leikdag hefur nokkur áhrif á það hvað hægt er að gera í tilefni dagsins. Í gær var Skúli með boð fyrir sína nánustu en óvíst er hvenær haldið verður upp á afmælið með pompi og prakt. Rútínan á leikdag mun haldast sú sama og því fátt planað á afmælisdaginn sjálfan sem ekki tengist undirbúningi fyrir leikinn.

> **Það verður ekki aukapressa á liðsfélagana að vinna leikinn í kvöld svo ég geti fengið það í afmælisgjöf.**
>
> Skúli Jón Friðgeirson knattspyrnumaður

„Það hefur oft verið þannig að ég hef ekki getað haldið upp á daginn. Annars vegar hittir þetta oft á leik, eða mjög nálægt leikjum, og hins vegar út af verslunarmannahelginni. Oft voru leikir á mánudag eða þriðjudag og þá gat maður ekki farið úr bænum. Allir aðrir, bæði vinir og fjölskylda, höfðu hins vegar stungið af út á land. Þannig maður var oft nánast einn eftir hérna,“ segir Skúli og hlær.

Tilfinningin sem fylgir því að verða þrítugur segir Skúli að sé ágæt. Sennilega muni fátt breytast við nýjan áratug en það fylgi því alltaf smá fiðringur að fá nýja tölu.

„Ég held að síðast hafi verið haldið upp á afmælið fyrir fimm árum. Þá átti ég leik snemma um daginn og kærastan mín var búin að skipuleggja óvænta afmælisveislu um kvöldið,“ segir Skúli.

Hjá KR er sú hefð að þegar leikmaður á afmæli þarf hann að bjóða liðsfélögunum upp á köku. Sá bakstur lendir sennilega á kærustu Skúla, hinni sænsku Jennifer Berg, en að sögn varnarmannsins er hún mikill matgæðingur og unir sér einna best við að elda góðan mat. Þau kynntust þegar Skúli var atvinnumaður með Elfsborg í Svíþjóð.

„Það verður ekki aukapressa á liðsfélagana að vinna leikinn í kvöld svo ég geti fengið það í afmælisgjöf. Það verður vonandi bara meiri gleði hjá okkur og oft þegar gleðin er með manni í liði þá smitar það út frá sér og hlutirnir fara vel. Við stefnum á það á í kvöld,“ segir Skúli.

joli@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 30. JÚLÍ 1907

## Friðrik áttundi gengur á land í Reykjavík

Friðrik áttundi Danakonungur gekk á land í Reykjavík þann 30. júlí 1907. Nákvæmlega 33 árum áður hafði faðir hans, Kristján níundi, sótt Ísland heim fyrstur ríkjandi Danakonunga þegar hann færði Íslendingum stjórnarskrá.

Konungskomuna 1907 má rekja til þess að árið áður hafði öllum alþingismönnum verið boðið til Danmerkur og vildu þeir endurgjalda gestrisnina með því að bjóða konungi og nokkrum fjölda danskra þingmanna til Íslands.

Heimsóknin vakti gríðarlega athygli og segir í samtíma frásögnum að aldrei fyrr hafi Reykjavík verið jafn fánum skrýdd og aldrei jafn mikil viðhöfn sést.

Konungur og föruneyti hans heimsóttu meðal annars Þingvelli, Gullfoss og Geysi. Á heimleiðinni hafði konungur svo viðkomu á Ísafirði, Akureyri og í Seyðisfirði.

Ákveðið var að ráðast í miklar vegaframkvæmdir fyrir konungskomuna og var kostnaður vegna þeirra um 14 prósent af útgjöldum ríkissjóðs það árið.



**Friðrik áttundi sést hér ásamt Hannesi Hafstein ráðherra í Reykjavík árið 1907.**

**FASTEIGNASALAN TORG**

Áb. Sigurður Gunnlaugsson lgfs.

# 520 9595

Fasteignasalan TORG Garðatorgi 5 210 Garðabær www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur



